

Nd.

51. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands
frá 3. okt. 1903.

Frá Jóni Þorkelssyni og Bjarna Jónssyni frá Vogu.

1. gr.

Ráðherra Íslands skal hafa að launum 10,000 kr. á ári á meðan hann
gegnir embætti, auk 2000 kr. þeirra, sem honum eru ætlaðar til risnu og 2000
kr. til húsaleigu, á meðan hann hefir ekki embættisbústað. Eftirlaun hefir hann
engin. —

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, sem þau eru staðfest af konungi.